



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 68. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í Nýheimum, Höfn, 19. maí 2019, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Suðursvæði-Lokun vegar að Hafrafelli í Öræfum - 1905011

Tekið fyrir erindi frá Önnu Maríu Ragnarsdóttur, landeigenda í Freysnesi, sent með tölvupósti 8. maí 2019 varðandi stuðning þjóðgarðsins við lokun vegar að Hafrafelli í Öræfum.

Svæðisráð tekur undir með landeigenda um að ástand vegarins sé óásættanlegt. Í ljósi þess og þeirrar óvissu sem ríkir á svæðinu vegna yfirvofandi hættu á bergslaupi úr Svínafellsheiði setur svæðisráð sig ekki á mótí því að veginum sé lokað.

2. Hornafjörður - Umsögn aðalskipulagsbreyting - Skaftafell III og IV - 201709489 - 1905012

Erindi frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dagsett 14.maí, með ósk um umsögn um aðalskipulagsbreytingu á Skaftafelli III og IV.

Á 43. fundi svæðisráðs þann 18.september 2015 var rætt um hugmyndir landeigenda um uppbyggingu á svæðinu. Viðhorf svæðisráðs til uppbyggingar er hið sama en ítrekað er að fara þurfi varlega við hvers konar uppbyggingu í ljósi sérstöðu svæðisins. Bent er á að um mikið byggingarmagn er að ræða og taka þarf tillit til sjónrænna áhrifa frá þjóðgarðinum í Skaftafelli og af þjóðvegi.

3. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Ráðgjafahópur kynnti greinargerð og drög að kortum sem unnin voru upp úr viðtölum við 24 hagaðila.

Gestir

Kristín Hermannsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands - 00:00

Þorvarður Árnason, forstöðurmaður Rannsóknarsetur HÍ á Hornafirði - 00:00

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 00:00

Greint var frá ferli og leiðbeiningum við gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Farið var yfir greinargerð og kortagögn. Svæðisráð sammála um að mikið af upplýsingum hafa komið

fram í viðtölunum. Ráðgjafahóp falið að koma saman fyrstu drögum fyrir næsta vinnufund sem áætlaður er eftir miðjan júní.

Fundi slitið kl. 15:00.